28.5.2026

Sýn
Fréttir 18:30

Fréttamaður: Tómas Arnar Þorláksson
Tími: 00:19:22

Heimsþekkt listakona í Listasafni Reykjavíkur

Heimsþekkt listakona býður gestum í Listasafni Reykjavíkur að skanna sig inn í tölvu með hjálp tuga myndavéla sem skapa síðan styttu af viðkomandi. Sum verkanna sem eru til sýnis hafa staðið úti í íslenskri náttúru í meira en ár.

Hér í Listasafni Reykjavíkur er verið að leggja lokahönd á undirbúning að listasýningu sem verður opnuð eftir helgi og liggur þar mikill tími og vinna að baki. Sýningin hefur verið í undirbúningi í tvö ár og er eftir heimsþekktu listakonuna Karin Sander. Tíminn spilar stórt hlutverk í ýmsum verkum en sem dæmi má nefna þessi matvæli sem munu rotna á veggnum næstu vikur. Listakonan var að koma rabarbara fyrir þegar fréttastofu bar að garði.

Karin Sander, listamaður: Hugmyndir er að allt verði kyrrt og breytist með tímanum.

Ýmis verk eru undir áhrifum Íslands í orðsins fyllstu merkingu en til að mynda hafa þessi verk staðið víða um land og veðrast þar.

Karin Sander: Á stöðum sem eru fulltrúar alls landsins því þeir voru í mismunandi landslagi á Íslandi svo þeir tákna á einhvern hátt rýmið þar sem þeir hafa verið í næstum ár.

Þá er gestum boðið að taka þátt. Sem dæmi geta þeir látið skanna sig inn með aðstoð tugi myndavélina.

Karin Sander: Hverjum gesti er boðið að stilla sér upp eins og hann vill láta sjá sig sem skúlptúr síðar og verður prentaður út og sýndur á borði.

Og þá er komið að þessu, núna verður fréttamaður skannaður og gerður að styttu. Síðan var tökumaður einnig skannaður. Að því loknu býr tölva til þrívíddarlíkan af þátttakanda og stytturnar gerðar í þrívíddarprentara.

Markús Þór Andrésson: Þetta er bæði venjulegt fatahengi og hluti af sýningunni akkúrat, þannig að þú getur komið hérna sem gestur og valið þér skáp sem er tómur og hengt upp af þér og þá um leið ert þú eða sem sagt þín yfirhöfn orðin að hluta sýningarinnar, þannig að það er, verkið heitir Identities on Display.

Tómas Arnar Þorláksson: Eigum við að prófa að búa til fréttamann?

Markús Þór Andrésson: Já, endilega.

Tómas: Þar höfum við það. Þá er kominn fréttamaður til sýnis í sýningunni. Síðan verður þetta bara hér, er það ekki? Jú, ég bara fer á sokkaleistunum upp í hús.